

Starfs- og fjárhagsáætlun 2014



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins og SHS fasteignir ehf.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	5
Starfsemin	7
Verkefni á áætlun 2014	8
Forvarnasvið.....	8
Viðbúnaðarsvið.....	8
Aðgerðasvið	9
Fasteignir	10
Fjármál	10
Mannauður og almannatengsl	11
Skrifstofa slökkviliðsstjóra.....	11
Helstu breytingar	13
Forsendur, verðlags- og íbúaupróun	13
Magnbreytingar	13
Óvissa um rekstur sjúkraflutninga	13
Fjárfestingar	13
Aukið stofnframlag	14
Greiðslur eigenda 2014	15
Fjárhagsáætlun SHS	16
Fjárhagsáætlun SHS 2014.....	16
Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS 2014.....	17
Fjárhagsáætlun AHS	20
Fjárhagsáætlun AHS 2014.....	20
Fjárhagsáætlun SHS fasteigna	21
Fjárhagsáætlun SHS-F 2014	21
Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS-F 2014.....	21
SHS (móðurfélag)	25
Rekstrarreikningur	27
Efnahagsreikningur.....	28
Sjóðstreymi	30
Sundurliðanir.....	31
Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins	35
Rekstrarreikningur	37
Efnahagsreikningur.....	38

Sundurliðanir.....	40	
SHS fasteignir ehf.		41
Rekstrarreikningur	43	
Efnahagsreikningur	44	
Sjóðstreymi	46	
Sundurliðanir	47	
Samstæða		49
Rekstrarreikningur	51	
Efnahagsreikningur	52	
Sjóðstreymi	54	

Inngangur

Þegar þetta er ritað er sú óásættanlega staða í samningaviðræðum ríkisins við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um framkvæmd sjúkraflutninga á svæðinu að ekki er búið að skrifa undir og staðfesta samning um að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) sinni sjúkraflutningunum næstu sex árin, en sá samningur lá fyrir í febrúar sl. og var samþykktur af báðum aðilum. Síðasti samningur SHS og velferðarráðuneytisins rann út í árslok 2011. Sú óvissa sem þetta veldur er ólíðandi fyrir sveitarfélögin, en þó einkum fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins sem þjónustuna þiggja. Á meðan fer þörfin fyrir þessa þjónustu stigvaxandi á svæðinu.

Eitt er víst að ástæðan fyrir þessu samningsleysi er ekki sú að ríkið sé ósátt við gæði þjónustu SHS því þau er búið að staðfesta margoft í úttektum á starfseminni. Frá því formlegir sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu hófust árið 1921 hafa þeir verið reknir samhliða slökkviliði og hefur það verið farsæll samrekstur, bæði út frá hagkvæmnisjónarmiðum og m.t.t. öryggis og velferðar íbúanna. Árið 1990 fluttist ábyrgð á rekstri sjúkraflutninga frá sveitarfélögum til ríkisins og hefur þeim verið sinnt síðan af SHS og forverum þess í verktöku á grundvelli þjónustusamnings við ríkið sem felur í sér kröfulýsingu um gæði þjónustunnar. Það má því til sanns vegar færa að reynslan sé einnig til staðar, auk gæðanna.

Samningaumleitaniir milli ríkis og sveitarfélaga hafa því snúist um ásættanlega þóknun ríkisins til slökkviliðsins svo það geti uppfyllt gæðakröfurnar og þar með veitt íbúum höfuðborgarsvæðisins þá þjónustu sem þeir eiga kröfu á. Með lögum um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga nr. 87/1989, sem tóku gildi 1. janúar 1990, kom í hlut ríkisins að greiða rekstrarkostnað heilsugæslunnar, þ.m.t. sjúkraflutninga. Strax þá náðu samningsaðilar ekki saman um eðlilegt framlag ríkisins til sveitarfélaganna vegna reksturs sjúkraflutninganna og var því ákveðið með samkomulagi að skjóta ágreiningi milli aðila í gerð. Niðurstaða gerðardómsins, sem lá fyrir í júní 1994, staðfesti að kröfur sveitarfélaganna væru sanngjarnar. Fyrstu viðbrögð ríkisins við niðurstöðunni voru að segja henni upp en gildistími niðurstöðu gerðardómsins var þrjú ár.

Hver er þá staða þessara mála í dag? Stutta svarið við þeirri spurningu er eftirfarandi:

- Skrifað var undir samkomulag ráðherra og stjórnarformanns SHS þann 18. júní 2012 um úttekt óháðs aðila þar sem samningaviðræður skiluðu ekki árangri. Óháði aðiliinn átti að leggja mat á hagræðingu af samrekstri, forsendur beggja aðila að baki útreikningum, skiptingu kostnaðar milli slökkvistarfsemi og sjúkraflutninga í samrekstri og leggja að lokum til lausn út frá fag- og rekstrarlegum forsendum.
- Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu voru sátt við að niðurstaða óháðs aðila yrði bindandi fyrir báða aðila en ríkið var það ekki. Ákveðið var því að niðurstaðan yrði ekki bindandi heldur grundvöllur fyrir áframhaldandi samningaviðræður.
- Niðurstöður óháðs aðila (KPMG) lágu fyrir í september 2012. Þær sýndu ótvírátt hagræði af samrekstri slökkviliðs og sjúkraflutninga. Þar var gert ráð fyrir að það kostaði ríkið um 1.126 m.kr. að reka sjúkraflutningana eina sér og að sanngjörn greiðsla til SHS væri 856 m.kr.
- Samninganefnd skipuð fulltrúum ráðherra og stjórnar SHS, tveimur frá báðum aðilum, var fallið að yfirfara skýrslu KPMG og málið í heild sinni og reyna að ná samningum þar sem ríkið sætti sig ekki við niðurstöðuna.
- Samninganefndin undirritaði þann 1. febrúar 2013 samkomulagsgrundvöll þar sem lögð voru drög að nýjum samningi til sex ára. Niðurstaða samningaviðræðna nefndarinnar var að ríkið greiði 708 m.kr. fyrir þjónustuna á árinu 2013, eða 148 m.kr. lægra en KPMG lagði til, með aðlögun til ársins 2016. Greiðslur verði vísitölutryggðar með upphafs vísitölu í janúar 2013.
- Samninganefndin skilaði af sér samningi í lok febrúar í anda þess samkomulags sem lá fyrir. Sá samningur hefur enn ekki verið undirritaður af hálfu ríkisins og er því óstaðfestur.
- Á meðan ekki liggur fyrir nýr staðfestur samningur heldur ríkið áfram að greiða SHS fyrir þjónustuna samkvæmt eldri samningi sem rann út í árslok 2011.

Það má því segja að aðilar hafi lítið lært af reynslunni í þau ríflega tuttugu ár sem þetta samstarf hefur verið við líði. Vert er að hafa það í huga að málið snýst ekki um valkvæða þjónustu sem hægt er að vera án heldur öryggi þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu og ekki einungis sjúkraflutninga heldur einnig slökkvistarf því þessi þjónusta hefur verið samofin hér á svæðinu í næstum 100 ár.

Mikilvægt er að átta sig á því að það þessi starfsemi er ekki einungis samofin á höfuðborgarsvæðinu heldur gildir það um sjúkraflutninga og slökkvistarf á öllu landinu og rétt er að horfa til þess að frá upphafi

skipulagðra sjúkraflutninga hafa þeir að mestu leyti verið á ábyrgð sveitarfélaganna í landinu og reknir með slökkviliðunum og/eða í höndum sjálfboðaliða. Í dag eru sveitarfélögin í gegnum slökkviliðin að sinna sjúkraflutningum fyrir ríflega 85% landsmanna og vel yfir 90% af heildarfjölda sjúkraflutninga í landinu.

Samrekstur þessara tveggja björgunarþátta fer vel saman af ýmsum ástæðum. Fyrst af öllu ber að nefna að stærra lið hefur meiri slagkraft en minna. Sumstaðar býður samrekstur upp á þann raunhæfa valkost að vera með starfsmenn á launum sem ekki væri möguleiki ef hann væri ekki til staðar. Í björgunarliði þar sem margir eru á vakt, jafnvígir bæði á slökkvistörf og sjúkraflutninga, eru viðbrögð við stórum áföllum skjótari og árangursríkari en þar sem færri starfa. Þetta eykur til muna öryggi íbúa á viðkomandi þjónustusvæðum. Starfsmenn slíkra björgunarliða starfa bæði sem slökkviliðsmenn og sjúkraflutningamenn og sinna báðum þáttum jöfnum höndum. Flestir starfsmenn slökkviliðanna í landinu hafa menntun og þjálfun á báðum sviðum. Í krafti stærðar og samlegðar liggja auknir möguleikar til menntunar og þjálfunar starfsmanna. Það eykur gæði starfseminnar á öllum sviðum.

Álag er mjög misjafnt í starfseminni, einkum sjúkraflutningunum, sem gerir það að verkum að mikil hagræðing hlýst af samrekstri hvað mönnun varðar. Þannig er hægt að ráða við álagstoppa með því að nýta mannskap sem er í öðrum störfum til sjúkraflutninga þegar mikið liggur við og ófugt. Hagræðing af samrekstri slökkviliðs og sjúkraflutninga felst einnig í sameiginlegri yfirbyggingu, samnýtingu húsnæðis o.fl.

Niðurstöður úttektaraðila á faglegum gæðum þjónustunnar og samlegðaráhrifum samreksturs slökkviliðs og sjúkraflutninga hafa sýnt svo ekki verður um villst hversu mikill ávinningur hlýst af honum. Nauðsynlegt er að bæði ríki og sveitarfélögi standi vörð um þjónustuna og þau gæði og hagkvæmni sem skapast hafa af samrekstrinum í árána rás í þágu íbúanna á höfuðborgarsvæðinu.

Með þeim samningi sem fyrir liggur hefur stórt skref verið stigið í rétta átt í samstarfi ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í þessum málaflokki. Með honum er stefnt að því að leiðrétta hlutdeild ríkisins í rekstrinum smám saman fram til ársins 2016, en þá er gert ráð fyrir því að hlutur ríkisins verði orðinn sanngjarn í ljósi niðurstaðna óháðs aðila 2012 og gerðardóms 1994. Önnur ekki síður mikilvæg breyting á sér stað með þessum samningi, en hún er sú að samið er til lengri tíma en áður hefur tíðkast, eða sex ára. Með því skapast aukinn friður um þessa mikilvægu þjónustu og meiri stöðugleiki í rekstrinum. Aukinn stöðugleiki í rekstri slökkviliða og sjúkraflutninga til framtíðar gerir áætlanagerð auðveldari, hægt er að vinna að frekari uppbyggingu starfseminnar til að takast á við auknar kröfur og vaxandi eftirspurn og fjárfesta til framtíðar án óvissu.

Undirritaður telur mikilvægt að þeir sem fara með forræði þessara verkefna gangi að lausn mála með þá fyrirætlun að eyða því ófremdarástandi sem fylgir síendurteknu uppnámi þessarar bráðaþjónustu hér á höfuðborgarsvæðinu.

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Starfsemin

Starfs- og fjárhagsáætlun 2014 er áætlun SHS samstæðunnar, sem samanstendur af móðurfélaginu Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS), Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS) og dótturfélaginu SHS fasteignum ehf. (SHS-F).

SHS er í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Stjórn SHS er skipuð framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna og fara stjórnarmenn með atkvæðavægi í samræmi við íbúafjölda þess sveitarfélags sem þeir eru fulltrúar fyrir. Borgarstjóri Reykjavíkur er formaður stjórnar SHS. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri stjórn SHS skv. lögum nr. 75/2000 um brunavarnir.

Starfssvæði SHS nær til sveitarfélaganna sex sem standa sameiginlega að rekstri liðsins, frá Hvalfjarðarbotni í norðri, til Straumsvíkur í suðri og Bláfjallasvæðisins í austri. Liðið veitir Kjósarhrepp þjónustu samkvæmt samningi og veitir nærliggjandi sveitarfélögum aðstoð samkvæmt samningum þar að lútandi.

Slökkvistöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu eru nú þrjár, í Skógarhlíð 14 og Tunguhálsi 13 í Reykjavík og í Skútahrauni 6 í Hafnarfirði. Fjórdi slökkvistöðin er í byggingu og stefnt að því að hún verði tekin í notkun í upphafi árs 2015. Hún er að Skarhólabraut 1 í Mosfellsbæ. Jafnframt sinna meðlimir björgunarsveitarinnar Kjalur útköllum fyrir SHS á Kjalarnesi sem hlutastarfandi slökkviliðsmenn samkvæmt samningi þar um.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er byggðasamlag sem sinnir lögbundnum verkefnum sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum verkefnum sem ákvörðuð eru af stjórn SHS samkvæmt stofnsamningi og varða velferð íbúa, falla að tilgangi SHS og eru ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Hlutverk SHS er að sinna forvörnum og útkallsþjónustu á þjónustusvæðinu eins og best verður á kosið samkvæmt brunavarnaáætlun sem samþykkt er af stjórn SHS og Mannvirkjastofnun. SHS sinnir þjónustunni í eftirfarandi forgangsroð:

- Að bjarga lífi.
- Að afleiðingar af umhverfisslysum verði sem minnstar.
- Að bjarga eignum.

SHS sinnir vatnsöflun, slökkvistarfi og reykjöfun, björgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði, viðbrögðum við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun, björgunarköfun, björgun utan alfaraleiða, eldvarnaeftirliti og forvarnastarfi, auk ýmissar annarrar þjónustu við íbúa þjónustusvæðisins. Auk þess hefur SHS sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu með höndum samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið og sinnir verðmætabjörgun í samvinnu við tryggingafélögin. Einnig hafa Faxaflóahafnir gert samning við SHS um að annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðisins.

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins var stofnuð árið 2004. Stjórn SHS skipar framkvæmdaráð AHS, en auk hennar situr einn aðalfulltrúi frá hverju aðildarsveitarfélaganna í nefndinni og tveir fulltrúar frá Kjósarhreppi. Slökkviliðsstjóri og fulltrúi frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sitja einnig í nefndinni. Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri AHS.

Hlutverk slökkviliðsins í almannavarnakerfinu er fjölþætt. Því er ætlað að leiða stjórnun og útfærslu björgunaraðgerða ásamt því að taka þátt í aðgerðastjórn. Meðal verkefna liðsins í almannavörnum eru björgun úr rústum, slökkvistarf og aðhlyning og flutningur slasaðra. Í þessu skyni hefur slökkviliðið yfir að ráða góðum búnaði og sérþjálfuðum starfsmönnum.

SHS fasteignir ehf. á og leigir út slökkvistöðvar SHS og húsnæði Björgunarmiðstöðvarinnar Skógarhlíðar. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins leigir húseignirnar að stærstum hluta en aðrir leigjendur í Skógarhlíð eru Neyðarlínan hf., Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan og Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Verkefni á áætlun 2014

Samkvæmt skipuriti SHS skiptist starfsemin í þrjú megin svið, forvarnasvið, viðbúnaðarsvið og aðgerðasvið, auk fjögurra stoðeininga, fasteigna, fjármála, mannauðs og almannatengsla og skrifstofu slökkviliðsstjóra. Framkvæmdastjórn er skipuð slökkviliðsstjóra og yfirmönnum sviða og stoðeininga. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart stjórn SHS.

Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein fyrir helstu verkefnum sem lögð verður sérstök áhersla á fyrir utan reglubundin verkefni sviða og stoðeininga á starfsárinu 2014.

Forvarnasvið

Eldvarnaskoðanir

Verklag og stjórnsýsla verður þróuð áfram í takt við aukna möguleika sem rafræn skráning og notkun spjaldtölva býður upp á. Þegar eru notaðar spjaldtölvur í eldvarnaskoðunum og skráning beint í gagnagrunn fyrir eldvarnaskoðanir. Kröfur eru þegar sendar rafrænt og í mörgum tilvikum er gefinn kostur á að eigendur og forráðamenn fasteigna staðfesti með tölvupósti að úrbótum sé lokið. Í áframhaldandi vinnu við gagnagrunninn á árinu 2014 er stefnt að því að ljúka öllum þáttum kerfisins sem lúta að starfi eldvarnaeftirlits, þ.e. skráningu skoðana, kröfugerð, eftirfylgni og samskiptum við málsaðila. Það felur m.a. í sér að gengið verður frá „minni síðu“ þar sem málsaðilar geta nálgast gögn er varða eldvarnaskoðanir á þeirra eignum og fyrirtækjum og átt í rafrænum samskiptum við SHS.

Sérstök átaksverkefni

Undirbúningur átaksverkefnis á vettvangi Eldvarnabandalagsins hefst í mars og verður framkvæmd þess síðar á árinu 2014. Átak í skoðun eldvarna á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum verður framkvæmt á vormánuðum 2014, sem og átak í skoðunum á hótelum. Sambærilegt átak verður í skólum og leikskólum haustið 2014.

Eigið eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna

Kynningu á eigin eldvarnaeftirliti eigenda og forráðamanna verður sem áður sinnt samhliða eldvarnaskoðunum. Hafið er sérstakt átaksverkefni vegna hjúkrunarheimila sem miðar að því að koma á virku eigin eftirliti með eldvörnum og viðbragðsgetu ef eldsvoði verður. Skal því verkefni lokið á árinu 2014.

Áhættugreining – áhættustjórn á starfssvæðinu

Áhættugreining og áhættumat fyrir starfssvæðið, sem er grundvöllur áhættustjórnar á svæðinu, er endurskoðað reglulega. Síðasta áhættumat lá fyrir í maí 2011, í kjölfar þess var ráðist í miklar áhættuminnkandi aðgerðir og í lok árs 2013 mun liggja fyrir endurskoðuð áhættugreining. Þegar niðurstöður hennar liggja fyrir verður farið í áhættuminnkandi aðgerðir á svæðinu í takt við þær, væntanlega með sértækum átaksverkefnum sem gert er ráð fyrir að ljúki á árinu 2014.

Viðbúnaðarsvið

Ný starfsstöð, skipulag og nýr búnaður

Með tilkomu starfsstöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ fjölga starfsstöðvunum úr þremur í fjórar. Skipuleggja þarf mönnun, yfirfara og aðlaga boðunar- og verkferla í samræmi við fjölda stöðva og mönnun á vakt. Ný stöð kallar á stækkun bílaflota auk annars búnaðar. Fara yfir staðsetningu búnaðar og horfa til dreifingar á sérhæfingu og álagi milli stöðva í samvinnu við aðgerðasvið. Mikilvægt er að ljúka þessari vinnu á vormánuðum 2014.

Viðbragðsáætlanir og æfingar

Vinna þarf viðbragðsáætlanir sem gera sveitarfélagið, stofnunina, fyrirtækið eða þann aðila sem hlut á að viðkomandi máli betur í stakk búinn til að takast á við viðbragðsástand. Áætlunin á að tryggja að ákvarðanir verði sem bestar, að mikilvægar ákvarðanir verði ekki útundan, að starfsfólk sé kallað út og að búnaður sé til staðar og hægt sé að grípa tímanlega til hans. Í kjölfar útgáfu viðbragðsáætlana þarf að huga að æfingum til að æfa aðgerðir skv. áætlununum.

Á árinu 2014 mun viðbúnaðarsvið fylgja eftir vinnu við viðbragðsáætlanir fyrir Hvalfjarðargöng, Reykjavíkurlflugvöll og almennt hópslys á höfuðborgarsvæðinu.

Neyðarstjórn sveitarfélaganna

Auknar kröfur um tryggt og öruggt samfélag, aukið og samhæft upplýsingaflæði og skjót og örugg viðbrögð við ýmiskonar áföllum snúa að ýmsum stoðum samfélagsins. Reynslan sannar að sveitarfélögin gegna þar mikilvægu hlutverki, þ.e. stofnanir og þjónustuaðilar á þeirra vegum. Til að undirbúa sveitarstjórnirnar sem best fyrir þetta hlutverk skal koma á neyðarstjórn í hverju sveitarfélagi þannig að ákvörðunarvald og stjórnun liggur áfram hjá viðkomandi sveitarfélagi, en með þessu skal styrkja tengsl á milli ólíkra verkþátta og tengja og samræma starf sveitarfélaganna með hagsmuni íbúanna allra að leiðarljósi. Skipuleggja þarf verklag, fræðslu og æfingar fyrir neyðarstjórnir og fá þær inn í vinnu varðandi áætlanagerð sem snerta sveitarfélögin. Stefnt er að því að koma á verklagi fyrir neyðarstjórnir fyrir árslok 2014 og að á sama tíma verði neyðarstjórnir orðnar virkar í öllum sveitarfélögunum sem standa að SHS.

Samstarf við aðra viðbragðsaðila

Auka þarf samstarf og traust milli viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, m.a. með reglulegum samráðsfundum. Vinna þarf að viðbragðsáætlunum í samvinnu aðila og nýta samstarfsgrundvöllinn sem liggur í aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins enn betur. Haft verður frumkvæði að boðun funda og er stefnt að því að aðgerðastjórn hittist einu sinni í mánuði yfir vetrartímann á árinu 2014.

Jafnframt þarf að yfirfara og auka samstarf við viðbragðsaðila á nágrannasvæðum sem liggja að höfuðborgarsvæðinu, endurskoða samninga og viðbragðsáætlanir varðandi gagnkvæma aðstoð og viðbrögð og samstarf aðila á skörunarsvæðum. Haft verður frumkvæði að fundum með viðbragðsaðilum á skörunarsvæðum, bæði vegna slökkviliða og sjúkraflutninga og stefnt að því að samningar verði tilbúnir fyrir árslok 2014.

Uppbygging og skipulag á vettvangi

Vinna varðandi skipulag og uppbyggingu á vettvangi verður haldið áfram. Undirstrikuð notkun SÁBF-kerfisins (stjórnun, áætlun, þjargir, framkvæmdir) sem er sameiginlegt kerfi viðbragðsaðila fyrir mismunandi verkefni SHS og stærri verkefni þar sem aðrir koma að. Aukin þjálfun bakvaktarhóps í stoðeildarvinnu og vettvangsstjórnun og varðstjóra í verkþáttastjórnun innan SÁBF kerfisins, ekki síst við stærri atburði þar sem fleiri viðbragðsaðilar koma að. Árið 2014 lýkur uppsetningu skipulags á vettvangi fyrir SHS, sem byggist upp á SÁBF kerfinu, en það verður kennt varðstjórum haustið 2014 og æfingar haldnar á vöktum í kjölfarið.

Aðgerðasvið

Sjúkraflutningar

Við gerð starfsáætlunar fyrir árið 2014 ríkir enn óvissa um samninga milli SHS og ríkis um rekstur sjúkraflutninganna. Þessi óvissa hefur augljóslega mikil áhrif á framtíðarverkefni aðgerðasviðs. Hinsvegar er mikilvægt að láta óvissuna ekki hafa áhrif á gæði þjónustunnar, halda uppi góðum starfsanda og metnaði í sí- og endurmenntun og vinna heilshugar að málaflokknum í samstarfi við þá sem að honum koma.

Leggja þarf áherslu á að vinna við endurskoðun vinnuferla fyrir sjúkraflutningamenn, rafræna skýrslugerð og fjölgun staðlaðra fyrirmæla verði hafin fyrir árslok 2014.

Ný starfsstöð, fjölgun á vakt

Með tilkomu starfsstöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ fjölga starfsstöðvunum úr þremur í fjórar og langþráð fjölgun verður á vöktunum í takt við kröfur um viðbragðstíma og gæði þjónustunnar. Fylgja þarf eftir nýju skipulagi með fjölgun stöðva, færslum á búnaði og skráningum. Menntun nýrra starfsmanna verður í samráði við mannauðsstjóra. Þar sem gert er ráð fyrir að nýja stöðin verði tilbúin til notkunar í upphafi árs 2015 mun undirbúningur fyrir ráðningu og nýtt skipulag hefjast seinni hluta árs 2014.

Menntun, þjálfun og æfingar

Takmarkað framboð er af sí- og endurmenntunarnámskeiðum fyrir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn og því mikilvægur þáttur í starfi aðgerðasviðs að nýta vel aðstöðu SHS og tíma á vöktunum til að halda úti fjölbreyttri þjálfun. Rík áhersla er lögð á að tryggja öryggi starfsmanna og gæði þjónustunnar með því að uppfylla kröfur laga og reglugerða um endurmenntun og þjálfun slökkviliðsmanna. Æfingar á vöktunum verða skipulagðar og sett upp sí- og endurmenntunaráætlun í samráði við mannauðsstjóra með það fyrir augum að lögbundnar kröfur um endurmenntun og þjálfun reykkafera verði uppfylltar frá og með árinu 2014.

Vinnuaðferðir og heilbrigði

Rannsóknir sýna að mikil áhætta fylgir starfi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og jafnvel meiri en áður var talið á einhverjum sviðum. Þetta kallar á breytingar varðandi vinnulag við störf á vettvangi, m.a. við meðhöndlun mengaðs fatnaðar og búnaðar, bæði á vettvangi og við þrif á viðkomandi stöð að útkalli loknu. Stefnt er að því að í árslok 2014 verði þessi mál komin í bætt ferli.

Fasteignir

Ný slökkvistöð við Skarhólabraut

Unnið verður að uppbyggingu á nýrri slökkvistöð við Skarhólabraut 1 í Mosfellsbæ á árinu, en áætlað er að hún verði tilbúin til notkunar um áramót 2014-2015.

Flutningur á slökkvistöð

Á árinu 2014 verður gengið frá lóðamálum vegna nýrrar slökkvistöðvar í stað stöðvarinnar í Tunguhálsi.

Malbikun lóða

Framundan er átak í malbikun lóða SHS fasteigna. Hafist verður handa við verkið á árinu 2014 með endurnýjun malbiks á lóðinni við Skógarhlíð.

Verkstæði í Skógarhlíð

Húsnæði bílaverkstæðis SHS í Skógarhlíð verður gert upp á árinu 2014.

Fjármál

Nýir kjarasamningar

Kjarasamningar renna út á árinu 2014. Talsvert umstang fylgir endurnýjun kjarasamninga við breytingar í launakerfi, uppfærslu verkferla og verklýsinga, sem og upplýsingagjöf til starfsmanna.

Verkferlar og gæðamál

Unnið er reglubundið í uppfærslu verkferla og verklýsinga í takt við breytingar á vinnulagi og þróun í launa- og réttindamálum starfsmanna og breytingar á lögum og reglugerðum. Sömuleiðis er unnið að því að fjölga verkferlum og verklýsingum og er stefnt að því að ekki færri en fjórir nýir verkferlar taki gildi á árinu 2014.

Mannauður og almannatengsl

Starfsmannamál

Lokið verður við gerð nýrrar starfsmannahandbókar á starfsárinu 2014 sem birt verður á rafrænu formi á innri vef SHS. Einnig stendur yfir endurskoðun á starfsmannastefnu SHS og verkferlum í kringum ráðningu starfsmanna. Lögð verður áhersla á að taka í notkun mannauðsmælikvarða og hefja reglulegar skoðanakannanir á meðal starfsmanna til að sýna niðurstöður mælikvarðanna. Starfsmannasamtöl verða innleidd á meðal allra starfsmanna SHS á árinu 2014 ásamt markmiðssetningu og frammistöðumat.

Kjaramál

Kjarasamningur LSS rennur út á árinu 2014 og verður fylgst með framvindu samningaviðræðna og leitast við að veita upplýsingar og aðstoð eftir þörfum.

Heilbrigðismál og vinnuvernd

SHS mun taka virkan þátt í Mottumars líkt og undanfarin ár og hvetja starfsmenn um leið til að breyta verklagi og ferlum í því markmiði að draga úr líkum á starfstengdum slysum og sjúkdómum. Ennfremur verður hafin vinna við að leggja fyrir nýja könnun á vinnuumhverfisvísunum til að meta þörf fyrir aðgerðir.

Menntunarmál

Mat verður lagt á menntunar- og fræðsluþörf í samvinnu við stjórnendur, m.a. í gegnum starfsmannasamtölin. Leitað verður síðan leiða til að bæta og/eða viðhalda menntunarstigi liðsins, m.a. með námskeiðshaldi, kennslumyndböndum, fyrirlestrum og fræðsluefni á innri vef.

Heimasíða

Ný heimasíða SHS verður tekin í notkun á árinu, bæði innri og ytri vefur, en unnið hefur verið að undirbúningi hennar undanfarin misseri.

Upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf til starfsmanna verður augin til muna með tilkomu innri vefs SHS á árinu. Þar fá starfsmenn ítarlegar upplýsingar sem snúa að þeim persónulega (t.d. aðgang að vinnutímaskýrslum, orlofsstöðu, frítöku, vaktafyrirkomulagi o.s.frv.) og reglulegar upplýsingar um hvað er að gerast innan SHS. Einnig skilvirkari aðgang að ýmsu fræðsluefni.

Almannatengsl

Skilgreindur verður farvegur fyrir upplýsingagjöf til fjölmiðla og annarra neyðaraðila þegar um stóra viðburði eða óvæntar upptakomur er að ræða. Samskipti við fjölmiðla verða skoðuð sérstaklega m.t.t. ytri vefs SHS. Einnig verða sendar út fréttatilkynningar til fjölmiðla ef á þarf að halda vegna einstakra viðburða og þeirra fyrirspurnum beint í réttan farveg.

Skrifstofa slökkviliðsstjóra

Samningur um sjúkraflutninga

Þegar þetta er skrifað hafa samningar við ríkið um rekstur sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu ekki verið undirritaðir þó samningsaðilar hafi skrifað undir samkomulag þess efnis þann 1. febrúar 2013 og samningsdrög liggja fyrir í takt við samkomulagið. Síðasti samningur um rekstur sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu rann út 31. desember 2011. Ef ásættanlegir samningar nást ekki um rekstur sjúkraflutninga samhliða rekstri slökkviliðsins mun verkefnið væntanlega færast frá slökkviliðinu á annarra hendur. Þá þarf að aðlaga reksturinn að því og mun það væntanlega verða mikið og vandasamt verkefni þegar/ef til þess kemur. Þetta verkefni verður unnið samkvæmt tímaramma sem ákveðinn verður af stjórn SHS.

Stofnsamningur

Komið er að endurskoðun stofnsamnings í samræmi við 17. gr. samningsins, sem kveður á um endurskoðun hans á tíu ára fresti. Verður hún framkvæmd samkvæmt ákvörðun stjórnar SHS.

Brunavarnaáætlun

SHS ber að vinna brunavarnaáætlun til að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin í lögum og reglugerðum. Áætlunina skal endurskoða á fimm ára fresti og hún lögð fyrir Mannvirkjastofnun til umsagnar og sveitarstjórnir til samþykkis.

Endurskoðun brunavarnaáætlunar SHS hefst á árinu 2014, en ný brunavarnaáætlun verður gefin út árið 2015.

Skipulag og stefna

Stefnumótun fyrir SHS var gefin út og samþykkt af stjórn SHS á árinu 2003, í ritinu Skipulag og stefna. Stefnumótun verður endurskoðuð á árinu 2014 og nýtt rit gefið út á árinu 2015.

Skjalavistun

Endurgerð skjalavistunarferla slökkviliðsins lýkur á árinu 2014.

Vaki

Haldið verður áfram með þróun Vaka. Vaki er gagnagrunnur sem heldur m.a. utan um vaktaskipulag og verkefni varðliðs, námskeiðs- og æfingaskrá, fjarvistir og tilkynningar um bilanir á búnaði og viðgerðir vegna þess. Enn er unnið að því að slípa kerfið til, auka virkni þess og notkunarmöguleika og fullmóta að þörfum SHS.

Vörður

Áfram verður unnið að þróun Varðar. Vörður er gagnagrunnur fyrir eldvarnaskoðanir sem heldur m.a. utan um rafræna skráningu skoðana, kröfugerð, eftirfylgni og samskipti við málsaðila. Unnið er í samstarfi við Mannvirkjastofnun og Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, sem fjármagnar verkefnið að hluta. Kerfishluti vegna almennra eldvarnaskoðana var fullkláraður snemma árs 2013. Í áframhaldandi vinnu á árinu 2014 á að ljúka öllum þáttum kerfisins sem lúta að starfi eldvarnaeftirlits.

Helstu breytingar

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu breytingum sem eiga sér stað hjá SHS samstæðunni, þ.e. SHS, AHS og SHS-F, á árinu 2014 umfram breytingar samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar hvað varðar verðlags- og íbúapróun.

Forsendur, verðlags- og íbúapróun

Verðlagsbreytingar eru teknar inn í áætlun 2014 samkvæmt venju. Gert er ráð fyrir 3,0% hækkun vísitölu neysluverðs og 5,6% hækkun á launavísitölu milli ára. Þess ber að geta að 82% rekstrarkostnaðar SHS er launakostnaður. Vísitölubreytingar eru áætlaðar í samræmi við fyrirmæli fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, sem byggð eru á þjóðhagsspá.

Eigendur greiða framlög til rekstrar í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan í samræmi við 10. gr. stofnsamnings SHS bs. Þannig ráða íbúatölur 1. desember 2012 skiptingunni fyrir áætlun 2014. Áætlun 2013 er hins vegar gerð m.t.t. íbúafjölda 1. desember 2011. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2013 til áætlunar 2014 í takt við íbúapróun á svæðinu.

Hlutfallsleg breytingar milli ára	íbúar	hlutfall	íbúar	hlutfall	breytingar	breytingar
	2011	2011	2012	2012	íbúar	%
Hlutfallsleg skipting íbúafjölda						
1. Eigendur vegna slökkviliðs						
Reykjavík.....	118.785	58,47%	119.632	58,29%	847	-0,17%
Kópavogur.....	31.139	15,33%	31.676	15,44%	537	0,11%
Hafnarfjörður.....	26.434	13,01%	26.763	13,04%	329	0,03%
Garðabær.....	13.682	6,73%	13.867	6,76%	185	0,02%
Mosfellsbær.....	8.822	4,34%	8.950	4,36%	128	0,02%
Seltjarnarnes.....	4.304	2,12%	4.332	2,11%	28	-0,01%
	203.166	100,00%	205.220	100,00%	2.054	

Tafla 1. Íbúapróun á höfuðborgarsvæðinu frá 1. desember 2011 til 1. desember 2012.

Magnbreytingar

Ekki er gert ráð fyrir magnbreytingum í tengslum við rekstur samstæðunnar á árinu 2014. Hækkun rekstrargjalda milli ára er því samkvæmt áætlaðri verðlagsþróun.

Óvissa um rekstur sjúkraflutninga

Óvissupáttur við áætlunargerðina er sem fyrr framlag ríkisins til reksturs sjúkraflutninga. Enn hefur nýr samningur um sjúkraflutninga ekki verið undirritaður þó samkomulag um efni hans hafi legið fyrir frá því snemma árs 2013, en síðasti sjúkraflutningasamningur rann út í lok árs 2011. Áætlun ársins 2014 byggir á fyrirliggjandi samningsdrögum, sem einnig liggja til grundvallar útkomuspá ársins 2013.

Fjárfestingar

Aðildarsveitarfélögin greiða árlega framlag í fjárfestingarsjóð SHS samkvæmt 11. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins, til þess að tryggja eðlilega endurnýjun á fjárfestingum liðsins, þ.e. slökkvibíreiðum og öðrum nauðsynlegum björgunarbúnaði og tækjakosti. Verðgildi fjárfestingarsjóðs tekur breytingum í samræmi við breytingar á SDR. Framlag í fjárfestingarsjóð fyrir árið 2014 er áætlað 86,5 m.kr.

Einungis var greitt um 60% fjárfestingarframlags árið 2013, eða 54 m.kr. Hækkun framlags eigenda í fjárfestingarsjóð á árinu 2014 er því 32,5 m.kr.

Bygging nýrrar slökkvistöðvar við Skarhólabraut 1 í Mosfellsbæ hófst á árinu 2013 og er áætlað að henni ljúki í árslok 2014.

Á árinu 2014 verður hafist handa við innkaup á búnaði fyrir nýju slökkvistöðina á Skarhólabraut. Fjárfest verður í tveimur til fjórum nýjum slökkvibifreiðum á næstu árum, einni vegna nýju stöðvarinnar en einni til þremur til endurnýjunar gamalla bifreiða sem farnar eru að ógna öryggi vegna aldurs.

Aukið stofnframlag

Að fengnum tillögum fjármálastjóra aðildarsveitarfélaganna ákvað stjórn SHS að til þess að standa undir áætluðum 510 m.kr. kostnaði við byggingu nýrrar slökkvistöðvar myndu aðildarsveitarfélögin leggja SHS til 255 m.kr. aukið stofnfé síðla árs 2013 eða í byrjun árs 2014 og yrði hinn helmingurinn fjármagnaður með lántöku. Umræddar tillögur voru samþykktar af stjórn SHS á 116. fundi stjórnar þann 23. nóvember 2012. Nú er gert ráð fyrir því að hið aukna stofnfé verði greitt eigi síðar en í aprílmánuði 2014.

Greiðslur eigenda 2014

Tafla 2 sýnir áætlað framlag eigenda til reksturs SHS og AHS og í fjárfestingarsjóð SHS á árinu 2014, samanborið við áætlun ársins 2013. Nánari skýringar og sundurliðanir á rekstrarliðum og öðrum tekjum er að finna í umfjöllun um fjárhagsáætlanir SHS og AHS sem fylgja hér á eftir.

Sundurliðun á greiðslum sveitarfélaga	áætlun	áætlun	breytingar
í þ.kr.	2013	2014	þ.kr.
Heild			
Rekstrartekjur SHS.....	1.104.044	1.244.407	140.363
Rekstrartekjur AHS.....	6.348	6.565	217
Fjárfestingarsjóður SHS.....	53.997	86.534	32.537
Alls:	1.164.389	1.337.506	173.117
Sundurliðun á sveitarfélag			
Reykjavík	680.783	779.693	98.910
Slökkvilið (SHS).....	645.501	725.421	79.920
Almannavarnir (AHS).....	3.712	3.827	116
Fjárfestingarsjóður (SHS).....	31.570	50.445	18.874
Kópavogur	178.464	206.446	27.982
Slökkvilið (SHS).....	169.215	192.076	22.861
Almannavarnir (AHS).....	973	1.013	40
Fjárfestingarsjóður (SHS).....	8.276	13.357	5.081
Hafnarfjörður	151.499	174.426	22.927
Slökkvilið (SHS).....	143.648	162.285	18.637
Almannavarnir (AHS).....	826	856	30
Fjárfestingarsjóður (SHS).....	7.026	11.285	4.259
Garðabær	78.415	90.377	11.963
Slökkvilið (SHS).....	74.351	84.086	9.736
Almannavarnir (AHS).....	428	444	16
Fjárfestingarsjóður (SHS).....	3.636	5.847	2.211
Mosfellsbær	50.561	58.331	7.770
Slökkvilið (SHS).....	47.940	54.271	6.330
Almannavarnir (AHS).....	276	286	11
Fjárfestingarsjóður (SHS).....	2.345	3.774	1.429
Seltjarnarnes	24.667	28.233	3.566
Slökkvilið (SHS).....	23.389	26.268	2.879
Almannavarnir (AHS).....	134	139	4
Fjárfestingarsjóður (SHS).....	1.144	1.827	683

Tafla 2. Greiðslur eigenda til reksturs SHS og AHS og í fjárfestingarsjóð SHS samkvæmt áætlunum SHS og AHS fyrir árið 2014 samanborið við áætlanir 2013.

Fjárhagsáætlun SHS

Áætlunin fyrir árið 2014 tekur mið af ábyrgð sveitarstjórna og skyldum slökkviliðsstjóra samkvæmt lögum um brunavarnir, stofnsamning SHS og brunavarnaáætlun. Fjárhagsáætlun fyrir árið byggir fyrst og fremst á áætlun og útkomuspá fyrir árið 2013.

Ekki er gert ráð fyrir stórvægilegum breytingum á fjárhagsáætlun ársins 2014 frá fyrra ári. Ekki er reiknað með hækkun á rekstrarliðum frá niðurstöðu ársins 2013 umfram áætlaða verðlagsbreytingar. Gert er ráð fyrir 3,0% - 5,6% hækkun á vísitölu milli ára.

Fjárhagsáætlun SHS 2014

Áætlaðar rekstrartekjur SHS eru 2.064 m.kr., en heildarhækkun rekstrartekna milli ára er 167,2 m.kr. sem felur í sér 140,4 m.kr. hækkun á framlagi eigenda vegna reksturs slökkviliðsins, 39,1 m.kr. hækkun á framlagi ríkis vegna sjúkraflutninga en 12,3 m.kr. lækkun sértekna.

Áætluð rekstrargjöld SHS eru 2.064 m.kr., en heildarhækkun rekstrargjalda á milli ára er 99 m.kr.

Útkomuspá ársins 2013 gerir ráð fyrir að tekjur ársins verði 1.897 m.kr. eða 63,9 m.kr. lægri tekjum á árinu en áætlað var þar sem gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs vegna sjúkraflutninga verði lægra en í áætlun ársins 2013. Útkomuspá gerir ráð fyrir að gjöld verði 1.965 m.kr. eða um 4,2 m.kr. umfram áætlun 2013. Reiknað er því með 68,1 m.kr. tapi á rekstri SHS 2013 fyrir afskriftir og fjármagnsliði.

Greiðslur framlags í fjárfestingarsjóð hækka um 32,5 m.kr. milli ára þar sem áætlað er að eigendur greiði fullt stofnsamningsbundins framlag í fjárfestingarsjóð á árinu 2014, en einungis um 60% þess var greitt á árinu 2013 samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Fjárhagsáætlun SHS	áætlun	útkomuspá	áætlun	breytingar
í þús. kr.	2013	2013	2014	þús. kr.
Rekstrartekjur				
1. Eigendur vegna slökkviliðs.....	1.104.044	1.104.044	1.244.407	140.363
2. Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga.....	824.191	747.000	786.113	39.113
3. Sértekjur.....	32.342	45.603	33.312	(12.291)
4. Rekstrartekjur alls:	1.960.578	1.896.647	2.063.833	167.185
Rekstrargjöld				
5. Laun og launatengd gjöld.....	1.603.967	1.603.967	1.693.789	89.822
Önnur rekstrargjöld				
6. Menntun og verkefni.....	61.307	61.307	63.147	1.840
7. Viðhald og rekstur tækja og bifreiða.....	58.618	58.618	60.377	1.759
8. Húsnæðiskostnaður.....	136.380	138.234	142.405	4.171
9. Sameiginlegur kostnaður.....	100.304	102.662	104.115	1.453
	356.609	360.821	370.044	9.223
10. Rekstrargjöld alls:	1.960.578	1.964.788	2.063.833	99.045
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir	0	(68.141)	(0)	68.141
Fjárfestingarsjóður				
11. Framlag í fjárfestingarsjóð.....	53.997	53.997	86.534	32.537

Tafla 3. Samanburður á rekstrartekjum og –gjöldum og framlagi í fjárfestingarsjóð á áætlun 2013, útkomuspá 2013 og áætlun 2014. Breytingar frá útkomuspá 2013.

Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS 2014

1. Eigendur vegna slökkviliðs

Framlag aðildarsveitarfélaga hækkar um 140,4 m.kr. frá áætlun og útkomuspá ársins 2013, sem skýrist af of lágu framlagi sveitarfélaganna á árunum 2012 og 2013. Við gerð fjárhagsáætlana þeirra ára var reiknað með að hlutdeild sveitarfélaganna í rekstri SHS myndi lækka umtalsvert með nýjum samningum við ríkið um framlag til reksturs sjúkraflutninganna, sem ekki gekk eftir eins og flestum er kunnugt um. Áætlunin var byggð á útreikningum SHS á hlutdeildarskiptingu slökkviliðs og sjúkraflutninga þar sem samningar voru lausir. Hlutur eigenda í rekstrartekjum SHS var áætlaður um 56% skv. þeim útreikningum. Samningaviðræður við velferðarráðuneytið hafa þó skilað lægri niðurstöðu en gert var ráð fyrir, bæði vegna ársins 2012 og 2013, eða samtals um 239 m.kr. lægri. Ákveðið var að ganga á eigið fé bæði árin í stað þess að hækka framlag eigendanna. Áætlun ársins 2014 gengur út frá því að það samkomulag sem náðist við velferðarráðuneytið snemma árs 2013 verði staðfest innan tíðar. Samkvæmt því samkomulagi nemur hlutdeild eigenda í rekstrartekjum SHS á árinu 2014 um 60%, eða 1.244 m.kr., en hlutdeild ríkisins nemur um 38% af tekjunum. Mun hlutdeild ríkisins fara hækkandi til ársins 2016, þegar hún hefur náð 830 m.kr. á verðlagi ársins 2013, og fer hlutdeild eigenda lækki að sama skapi. Þess má geta að hlutdeild eigenda var um 72% fyrir fimm árum síðan.

Fjárhagsáætlun SHS	áætlun	áætlun	breytingar
í þús. kr.	2013	2014	þús. kr.
Rekstrartekjur			
1. Eigendur vegna slökkviliðs.....	1.104.044	1.244.407	140.363
Reykjavík.....	645.501	725.421	79.920
Kópavogur.....	169.215	192.076	22.861
Hafnarfjörður.....	143.648	162.285	18.637
Garðabær.....	74.351	84.086	5.789
Mosfellsbær.....	47.940	54.271	6.330
Seltjarnarnes.....	23.389	26.268	2.879

Tafla 4. Hækkun framlags sveitarfélaga frá áætlun 2013 til 2014.

2. Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga

Framlag ríkissjóðs vegna sjúkraflutninga hækkar um 39,1 m.kr. á árinu 2014 þegar miðað er við áætlaða niðurstöðu ársins 2013 skv. útkomuspá. Áætlun ársins 2014 gengur út frá fyrirbyggjandi og samþykktum en óundirrituðum samningi SHS og velferðarráðuneytisins frá því snemma árs 2013, þar sem gert var ráð fyrir að framlag ríkissjóðs árið 2013 yrði 708 m.kr., vísitölutryggt m.v. janúar 2013, og færi stighækkandi fram til ársins 2016 þegar það næði 830 m.kr. á verðlagi 2013. Áætlun fyrir árið 2014 gerir því nú ráð fyrir 786,1 m.kr. framlagi ríkissjóðs.

Útkomuspá ársins 2013. Samningur SHS og velferðarráðuneytisins um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu rann út í árslok 2011. Samningaviðræður stóðu yfir þegar fjárhagsáætlun ársins 2013 var unnin. Óháður matsaðili, KPMG, var að leggja lokahönd á skýrslu sína og renndu niðurstöður hennar stöðum undir útreikninga SHS um kostnað við rekstur sjúkraflutninganna. Því var gengið út frá þeim útreikningum við áætlun framlags ríkisins til rekstursins. Áætlað var að ríkissjóður greiddi 824,2 m.kr. fyrir rekstur sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2013. Miðað við þann samning sem nú liggur fyrir en er óundirritaður er áætlað að niðurstaða ársins 2013 verði 747 m.kr., sem er 77,2 m.kr. lægra framlag en áætlað var.

3. Sértekjur

Gert er ráð fyrir 12,3 m.kr. lækkun sértekna milli ára. Sértekjur eru áætlaðar 33,3 m.kr. fyrir árið 2014. Sértekjur skapast aðallega vegna lögbundinna vakta og þvingunarúrræða slökkviliðsstjóra og fylgja þeim því oftast einnig útgjöld.

